

Dagskrá Fjör í Flóa.

Þér er boðið í fjör og fagnað í Flóahreppi helgina 27.-29. maí.
Öll fjölskyldan getur fundið eitthvað við sitt hæfi. Gaman öll saman.

Föstudagurinn 27. maí:

- 09:30-11:30 **Leikskólinn Krakkaborg:** Opið hús. Gestir velkomnir að skoða húsnæðið og taka þátt í skólastarfinu. Allir velkomnir.
- 10:00-12:00 **Skrifstofa Flóahrepps:** Opið hús. Ljósmyndir af ýmsum atburðum í Flóahrepp til sýnis. Allir velkomnir.
- 10:00-16:00 **Ullarvinnslan Þingborg (Gamla Þingborg):** Verslunin er opin og full af fallegum ullarvörum.
- 10:00-16:00 **Gallery Flói Gamla Þingborg:** 15% afsláttur af öllum vörulínum vegna 1 árs afmæli Gallery Flóa. Nafnasamkeppni um fallegasta kindanafnið- verðlaun veitt á sunnudaginn. Myndasýning með textaskýringum um Flóaáveituna.
- 13:00-18:00 **Tré og list Forsæti:** Málverkasýning Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns, ný verk eftir Ólaf þar á meðal verk sem unnið var í samvinnu við Dagnýju Magnúsdóttur glerlistakonu. Auk þess eru útskurðarverk listakonunnar Siggú á Grund á sýnum stað. Aðgangur 800 kr. meðan á Fjör í Flóa stendur og frítt fyrir börn. Þess má geta að málverkasýning Ásmundar opnar fimmtudaginn 26. Maí kl. 20:00.
- 15:00 **Þingborg:** Afhending viðurkenninga fyrir íþróttamann/konu ársins í Flóahreppi. Við sama tækifæri verður menningarstyrkur Flóahrepps afhentur. Nemendur úr Tónlistaskóla Árnessýslu flytja tónlistaratriði. Kaffiveitingar í boði Flóahrepps. Myndlistafélag Árnesinga opnar myndlistasýningu. Sýningin „Konur á vettvangi karla „ sýnir réttindabaráttu kvenna. Sjónum beint að Sunnlenskum konum , sumar fengur kosningarétt en aðrar ekki. Fyrstu konur sem urðu pólitískt kjörnir fulltrúar sem aðalmenn í hreppsnefnd, oddvitar, þingkonur og ráðherrar.
- 15:00-17:00 **Sölubásar Þingborg.** Mikið úrval af glæsilegum varningi- eitthvað fyrir alla.
- 20:00. **Kvöldganga um Gamla-Ásavegin.** Gönguferð með leiðsögn Kristínar Stefánsdóttur og Ólafs Einarssona á Hurðarbaki. En Ásavegurinn er hin forna þjóðleið fólks um Suðurland og er þessi leið hæsti punktur Flóahrepps með stórfenglegu útsýni í allar áttir. Gangan hefst við Hurðarbaksafleggjarann. Mæting kl. 19:45. Hreystivika UMFÍ er dagana 23-29 maí. Tilvalið að labba þessa göngu sem er um 6 km.

Laugardagurinn 30. maí:

- 09:00-11:00 **Félagslundur:** Morgunmatur í boði Fjörs í Flóa og fyrirtækja á Suðurlandi. Allir velkomnir í notalega samverustund og hinn margrómaða morgunmat sem öll kvenfélögin í Flóahreppi sjá um. Kökubasar kvenfélaganna. Hans Allan Tómasson frá Austurbæ sýnir verk sín. Ungmennafélagið Þjótandi verður með sölu á íþróttagöllum.
- 09:00-18:00 **Listamaðurinn Lúðvík Karlsson,** Liston, sýnir verk sín við Þingborg og við Villingaholtshreppsveg í Langsstaðalandi þar sem hann er búinn að koma upp vísi að skúlptúrgarði. Þar verður hann við vinnu sína kl: **11:00-14:00** og með málverkasýningu utandyra ef veður leyfir. Sjón er sögu ríkari.
- 10:00-16:00 **Ullarvinnslan Þingborg (Gamla Þingborg):** Verslunin er opin. Full af fallegum ullarvörum.
- 10:00-16:00 **Gallery Flói Gamla Þingborg:** 15% afsláttur af öllum vörulínunum vegna 1 árs afmæli Gallery Flóa. Nafnasamkeppni um fallegasta kindanafnið- verðlaun veitt á sunnudaginn. Myndasýning með textaskýringum um Flóaáveituna. Opnun sýningar „Heima er best“ í nýju sýningarrými.
- 11:00-15:00 **Brandshús 4.** Papahænur og papahænu-ungar, kornhænur og skraut og bréfdúfur sem fljúga um. Egg til sölu. Kynning á King hundafóðri og ýmislegt fleira skemmtilegt að hætti Ragnars í Brandshúsum.
- 11:00-17:00 **Þingborg:** Hlutavelta, blómasala, kaffisala og kökubasar allt í boði kvenfélaganna í Flóahrepp. Barnadagskrá í umsjá ungmennafélaganna í Flóahreppi. Andlitsmálun, hoppukastali, leikir og fleira. Ungar glímukempur verða með belti á staðnum og leyfa gestum að spenna þau á sig og kynnast íþróttinni. Sölubásar sem enginn má missa af- mikið úrvarl af alls kyns spennandi varningi. Sjá nánar á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is Jötunn, Kraftvélar, VBL Landbúnaður og Vallarnaut verða með sýningu á nýjum landbúnaðarvélum. Þingborgarkonur verða með sérstaka sýningu á öllum peysum sem tóku þátt í peysusamkeppninni hjá Ullarvinnslunni. Dýrin mín stór og smá verða á sínum stað. Sýningin „Konur á vettvangi karla „ sýnir réttindabaráttu kvenna. Sjónum beint að Sunnlenskum konum , sumar fengur kosningarétt en aðrar ekki. Fyrstu konur sem urðu pólitískt kjörnir fulltrúar sem aðalmenn í hreppsnefnd, oddvitar, þingkonur og ráðherrar.
- 12:00-17:00 **Bifreiðaklúbbur Suðurlands-** sýning á gömlum bílum.
- 12:00-17:00 **Sýning á gömlum landbúnaðarvélum.**
- 13:00-18:00 **Tré og list Forsæti:** Málverkasýning Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns, ný verk eftir Ólaf þar á meðal verk sem unnið var í samvinnu við Dagnýju Magnúsdóttur glerlistakonu. Auk þess eru útskurðarverk listakonunnar Siggú á Grund á sýnum stað. Aðgangur 800 kr. meðan á Fjör í Flóa stendur og frítt fyrir börn.

- 13:00 **Íslenski bærinn að Austur-Meðalholtum.** Bíður uppá langspilsstundir í baðstofu gamla torfbæjarins þar sem tenórsöngvarinn og þjóðfræðinemininn Eyjólfur Eyjólfsson mun leika á langspil og syngja þjóðlög. Stundirnar hefjast klukkan 13:00 -15:00 og 17:00 og standa yfir í um stundarfjórðung. Boðið uppá leiðsögn um safnið og svæðið. Ljúfengt bakkelsi í Vöðlakoti.
- 13:00-17:00 **Þingborg:** Kaffisala kvenfélaganna í Flóahreppi.
- 13:00-15:00 **Þingborg:** Iðunn Sigurðardóttir margverðlaunaður matreiðslumaður sér um að grilla kræsingar. Gefið verður að smakka gómsætan mat sem kitlar bragðlauka hátíðargesta.
- 13:30 **Þingborg: Verðlaunaafhending peysusamkeppninnar.** Tilkynt verður hvaða peysa vann peysusamkeppnina hjá Ullarvinnslunni..
- 14:00-16:00 **Skálatjörn.** Opið hús, skemmtilegar geitur og kiðlingar.
- 14:00 **Nammiflug:** Þórir Tryggvason flýgur yfir Þingborg úr flugvél sinni tekur lágflug yfir Þingborg og sælgæti í boði Sælgætisgerðarinnar Góu dreift úr flugvélinni til barnanna á túnið við Þingborg.
- 14:30 **Þingborg:** Mikki Refur og Lilli klifurmús mæta í Flóann með leikpátt. Börnum boðið uppá að taka af sér myndir með þeim félögum.
- 15:00-17:00 **Kassaklifur.** Björgunarfélag Árborgar býður fólki að reyna sig í skemmtilegri og krefjandi íþrótt.
- 20:30 **Félagslundur:** Kvöldvaka Flóamanna. **Gísli Einarsson** úr Landanum stýrir skemmtuninni og fer með gamanmál og kítlar hláturtaugar gestanna - ógleymanlegt. **Anton frá Skygnisholti** skemmtir fólki eins og honum er lagið. **Hans Allan Tómasson** frá Austurbæ sýnir verk sín. Danshópurinn **Dönsum á Selfossi**- sýnir listir sínar. „**Flói Got Talent**“, hæfileikakeppni Flóahrepps, þar sem íbúar sýna á sér óvæntar hliðar. Atkvæði áhorfenda og dómnefndar skera úr um sigurvegara verðlaun í boði. Verðlaun afhent fyrir flottasta póskassann í Flóahepp. **Aðgangseyrir kr. 1.000**

Sunnudagurinn 31. maí.

- 10:00-16:00 **Gallery Flói Gamla Þingborg:** 15% afsláttur af öllum vörulínum vegna 1 árs afmæli Gallery Flóa. Nafnasamkeppni um fallegasta kindanafnið- verðlaun veitt. Myndasýning með textaskýringum um Flóaáveituna. Verðlaunahafi fær að velja eina glerkind úr vörulínunni.
- 12:00-17:00 **Þingborg:** Sölubásar í Þingborg. Hoppukastalinn á sínum stað. Jötunn, Kraftvélar, VBL Landbúnaður og Vallarnaut verða með sýningu á nýjum landbúnaðarvélum. Sýningin „Konur á vettvangi karla „ sýnir réttindabaráttu kvenna. Sjónum beint að Sunnlenskum konum , sumar fengur kosningarétt en aðrar ekki. Fyrstu konur sem urðu pólitískt kjörnir fulltrúar sem aðalmenn í hreppsnefnd, oddvitar, þingkonur og ráðherrar. Listamaðurinn Lúðvík Karlsson, Liston, sýnir verk sín við Þingborg og við Villingaholtshreppsveg í Langstaðalandi, þar sem hann er búinn að koma upp vísi að skúlptúrsgarði. Þar verður hann við vinnu sína ef veður leyfir **kl: 14-16**. Sjón er sögu ríkari.
- 12:00-16:00 **Ullarvinnslan Þingborg (Gamla Þingborg):** Verslunin er opin og er hún full af fallegum ullarvörum.
- 12:00-17:00 **Bifreiðaklúbbur Suðurlands-** sýning á gömlum bílum.
- 12:00-17:00 **Sýning á gömlum landbúnaðarvélum.**
- 12:30 **Hraungerðiskirkja.** Sr. Guðbjörg Arnardóttir sér um barnamessu.
- 13:00-17:00 **Þingborg:** Kaffisala kvenfélaganna í Flóahrepp.
- 13:00-18:00 **Tré og list Forsæti:** Málverkasýning Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns, ný verk eftir Ólaf þar á meðal verk sem unnið var í samvinnu við Dagnýju Magnúsdóttur glerlistakonu. Auk þess eru útskurðarverk listakonunnar Siggú á Grund á sýnum stað. Aðgangur 800 kr. meðan á Fjör í Flóa stendur og frítt fyrir börn.
- 13:00 **Íslenski bærinn að Austur-Meðalholtum.** Bíður uppá langspilsstundir í baðstofu gamla torfbæjarins þar sem tenórsöngvarinn og þjóðfræðinemin Eyrólfr Eyjólfsson mun leika á langspil og syngja þjóðlög. Stundirnar hefjast klukkan 13:00 -15:00 og 17:00 og standa yfir í um stundarfjórðung. Boðið uppá leiðsögn um safnið og svæðið. Ljúfengt bakkelsi í Vöðlakoti.
- 13:00-16:00 **Ferðamannafjórðungi í Egilsstaðakoti,** opið í hús.
- 13:15 **Sirkus Íslands.** Listsýning sem enginn fá láta fram hjá sér fara. Sýning sem enginn gleymir.
- 13:30 **Þingborg:** Gömul rússnesk dráttarvél búin einum cylinder. Hljóð sem er afar sérstakt og margir muna. Fallega vel uppgeð vél, eigandanum til sóma.

14:00 Þjórsáver. Ungmennafélagið Þjótandi: Brokk og skokk. Einstaklega skemmtileg og spennandi uppákoma sem enginn vill missa af- þar, sem aðal- þátttakendur eru hesturinn og maðurinn. Pylsupartí í boði Ungmennafélagsins Þjótanda að loknu Brokk og skokk.

14:00-14:30 **Jón Ívarsson** kynnir Flóamannabókina í Þingborg.

Viljum minna á að tjaldsvæðið við Þjórsáver er opið öllum þeim sem vilja sækja Flóahrepp heim. Það er vel staðsett og stutt í allar áttir. 25% afsláttur af gjaldskrá.

Sjáumst á Fjör í Flóa, þú vilt ekki missa af þessari hátíð.

Þeir sem verða með bása í Þingborg á hátíðinni Fjör í Flóa 2016.

Ásdís: Textíl

María: Þrjónavörur

Guðrún: Þrjónavörur

Vilhjálmur: Fatnaður

Jón Ívarsson: Flóamannabókin

Margrét Kristins: Trévörur

Styrktarsjóður Guðrúnar Nönnu: skartgripir og tækifærisgjafir.

Vilborg Magnúsdóttir: Glervörur.